

Umdæmisstjórar annast rekstur póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og annan þann rekstur á vegum Póst- og símamálastofnunar í umdæminu sem þeim er falinn samkvæmt rekstraráætlunum og öðrum fyrirmælum er gilda um stofnunina.

7. gr. laganna falli brott. 5. gr.

1. másl. 8. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðalsviða og umdæmisstjórum stofnunarinnar.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo: 7. gr.

Í stofnuninni skal starfa starfsmannaráð skipað fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinnna þátta í stofnuninni.

4. mgr. 11. gr. laganna orðist svo: 8. gr.

Tekjur samkvæmt gjaldskrá skulu nægja til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 9. gr.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

**um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Annar og þriðji málslíður 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott. 1. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. september 1987. 2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*